

Ár 1979, þriðjudaginn 7. ágúst, var í málinu nr. 11/1979 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að í nóvembermánuði 1972 keypti Húsmæðrafélag Reykjavíkur hluta fasteignarinnar nr. 9 við Baldursgötu í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignaskatt á fasteign þessa. Af því tilefni ritaði félagið Yfirfasteignamatnefnd bréf, dags. 31. maí 1979, þar sem krafist er undanþágu til handa félaginu frá greiðslu fasteignagjalda með tilvísun til 2. og 3. gr. félagslaga og laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undan-  
tekningsrákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja fullnægir umrædd húseign ekki þessu skilyrði, og ekki verður heldur séð að önnur undanþáguákvæði eigi hér við. Brestur því lagaheimild fyrir undanþágu frá fasteignaskatti.

Ú R S K U R ð A R O R ð :


Húsmæðrafélagi Reykjavíkur er skylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 9. við Baldursgötu í Reykjavík.



Gaukur Jörundsson.



Torfi Asgeirsson.



Guðmundur Kr. Magnússon.